



## Gjaldskrá

### fráveitugjalda í Sveitarfélaginu Árborg

#### 1. gr.

##### Gjaldskylda.

Sveitarfélagið Árborg innheimtir stofngjald fráveitu, fráveitugjald og gjald fyrir hreinsun rotþróa í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari og II. kafla samþykktar um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 126/2004.

#### 2.gr

##### Stofngjald fráveitu.

Stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennislislagna frá lóðarmörkum húseiganda við fráveitukerfi sveitarfélagsins sem og hlutdeild í stofnkostnaði aðliggjandi fráveitukerfis skal vera sem hér segir:

Einbýlis-, par- og raðhús	á hverja íbúð	561.156 kr
Fjölbýlishús	á hverja íbúð	280.578 kr
Annað húsnæði	hver tenging	412.149 kr <sup>1</sup>

Gjöld skv. þessari grein miðast við byggingavísitölu í jan 2022 og uppfærast 1. janúar ár hvert til samræmis við breytingar á vísitölunni.

#### 3.gr

##### Fráveitugjald.

Af þeim fasteignum í Sveitarfélaginu Árborg sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn gjaldsins skal vera fasteignamat viðkomandi fasteigna. Fjárhæð gjaldsins skal nema 0,2510% af fasteignamati viðkomandi fasteignar.

Sé ekkert mannvirki á lóð tengt fráveitulögnum sveitarfélagsins greiðist ekki fráveitugjald.

#### 4.gr

##### Rotþróargjald.

Fyrir hreinsun og tæmingu rotþróar skal húseigandi greiða eftirfarandi rotþróargjald fyrir hverja losun fyrir sig:

Stærð í lítrum	Rotþróargjald í kr.
Rotþró < 4.000	52.395.-
Rotþró 4.001-6.000	69.332,-
Rotþró > 6.000	12.954 kr. pr. umfram rúmmetra.

<sup>1</sup> Hver tenging: t.d tenging regnvatnsstúts er ein tenging og tenging fráveitustúts er önnur tenging.



Verð miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að standa fjær rotþró en 10 metra. Fyrir hverja 10 metra umfram það skal greiða kr. 3.694,-.

5.gr  
Gjalddagar.

- a) Stofngjald fráveitu: Gjalddagi stofngjalds fráveitu miðast við útgáfu byggingarleyfis. Gjaldið skal greitt eða um það samið innan 20 daga frá gjalddaga. Heimilt er að semja um greiðslu stofngjalds fráveitu til allt að 18 mánaða frá gjalddaga. Allar greiðslur skulu bera almenna bankavexti.
- b) Fráveitugjald: Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og bæjastjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.
- c) Rotþróargjald: Gjalddagi rotþróargjalds er við útgáfu reiknings.

6.gr  
Innheimta.

Gera má fjárnám fyrir gjöldum skv. gjaldskrá þessari. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari bera dráttarvexti skv. ákvæðum laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá gjalddaga. Stofngjald fráveitu og fráveitugjald, ásamt áföllnum kostnaði, eru tryggð með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði í tvö ár frá gjalddaga.

7.gr.  
Gildistaka.

Gjaldskrá þessi, sem öðlast þegar gildi, er samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009, 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 og samþykkt um fráveitur í Sveitarfélaginu Árborg nr. 126/2004. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr.199/2008.

Selfossi, xx. desember 2021

Gísli Halldór Halldórsson  
bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar